

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 25. júlí 2014

Nýherji skilar 69 mkr heildarhagnaði á öðrum ársfjórðungi

Helstu upplýsingar:

- Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 69 mkr og 125 mkr á fyrri árshelmingi [Q2 2013: Heildartap 862 mkr, 1H 2013: Heildartap 1.012 mkr]
- Vöru- og þjónustusala á öðrum ársfjórðungi nam 2.853 mkr og 5.712 mkr á fyrri árshelmingi [Q2 2013: 2.815 mkr, 1H 2013: 5.470 mkr]
- EBITDA nam 207 mkr á öðrum ársfjórðungi og 398 mkr á fyrri árshelmingi [Q2 2013: 161 mkr, 1H 2013: 183 mkr]
- Jákvæð afkoma hjá öllum félögum samstæðunnar á fyrri árshelmingi
- Framlegð var 749 mkr á öðrum ársfjórðungi og 1.502 mkr á fyrri árshelmingi [Q2 2013: 664 mkr, 1H 2013: 1.228 mkr]
- 86% vöxtur í erlendum tekjum milli ára hjá TM Software
- Tækjaleiga Nýherja seld til Sonik Tækni ehf. í fjórðungnum
- Áfram vöxtur í sölu á Lenovo tölvubúnaði
- Vaxtaberandi skammtímaskuldur endurfjármagnaðar, veltufjárhlutfall 1,28 í lok júní

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur Nýherja er að styrkjast og afkoma á öðrum ársfjórðungi er í takt við væntingar. Jákvæð afkoma er hjá öllum félögum samstæðunnar á fyrri helmingi árs. Rekstur Applicon á Íslandi er stöðugur og skilar ágætri afkomu og hagnaður er af rekstri Applicon í Svíþjóð, sem eru mikilvæg umskipti eftir taprekstur síðustu ár. Umtalsverður tekjuvöxtur er áfram hjá TM Software, einkum vegna mikillar sölu á Tempo hugbúnaði, sem nú er seldur til ríflega 100 landa í gegnum netið. Þessi vöxtur Tempo er okkur afar mikilvægur, allar þær tekjur eru erlendar og hafa aukist um 86% á milli ára. Tæplega helmingur veltu TM Software er því í erlendri mynt. Tekjur Nýherja af vörusölu og rekstrarþjónustu á innanlandsmarkaði eru stöðugar en afkoma batnar lítillega á milli ára, sem er í samræmi við væntingar. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í tekjum og afkomu samstæðunnar á næsta ársfjórðungi.

Að undanfögnu höfum við unnið eftir áætlun sem miðar að því að einfalda skipulag Nýherjasamstæðunnar, efla lausnaframboð og þjónustu við viðskiptavinum, bæta afkomu og styrkja eiginfjárstöðu. Okkur hefur miðað vel áleiðis en töluvert er enn í land, sérstaklega þegar horft er til fjármagnsskipunar félagsins. Framundan eru frekari úrbætur þar á og horfum við þar m.a til skipulags og uppbyggingar samstæðunnar.“

Rekstrarniðurstaða á fyrri árshelmingi 2014

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1H 2014	1H 2013
Seldar vörur og þjónusta	5.712	5.470
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(4.210)	(4.242)
Framlegð	1.502	1.228
Rekstrarkostnaður	(1.252)	(1.192)
Rekstrarhagnaður	250	36
Hrein fjármagnsgjöld	(82)	(154)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	167	(118)
Tekjuskattur	(36)	20
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	132	(98)
Tap af aflagðri starfsemi	(26)	(914)
Hagnaður (tap) tímabilsins	106	(1.012)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	19	0
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	125	(1.012)
EBITDA	398	183

- Sala á vöru og þjónustu nam 5.712 mkr á fyrri helmingi árs 2014 samanborið við 5.470 mkr á sama tímabili í fyrra, sem er 4,4% aukning
- Framlegð var 1.502 mkr (26%) samanborið við 1.228 mkr (22%) í fyrra. Á tímabilinu var eignfærður 89 mkr þróunarkostnaður hjá TM Software ehf., án eignfærslu hefði framlegð verið 1.413 mkr (25%)
- Rekstrarkostnaður var 1.252 mkr á fyrri helmingi árs sem er 22% af tekjum, það er sama hlutfall og í fyrra
- Hrein fjármagnsgjöld voru 82 mkr á fyrri helmingi árs, en voru 154 mkr á sama tíma í fyrra. Munurinn skýrist að mestu leyti af gengishagnaði sem nam 39 mkr á fyrri árshelmingi 2014 samanborið við 27 mkr gengistap á sama tíma og í fyrra
- Í mars 2014 var starfsemi dönsku félaganna seld og var tap af rekstri 26 mkr, á fyrri árshelmingi 2013 var afskrifuð viðskiptavild vegna Applicon AS að upphæð 835 mkr
- EBITDA var 398 mkr á fyrri árshelmingi en var 183 mkr á sama tímabili í fyrra, án eignfærslu hefði EBITDA verið 309 mkr á tímabilinu
- Heildarhagnaður var 125 mkr en 1.012 mkr tap var á sama tímabili í fyrra

Efnahagsreikningur 30.06.2014 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	30.06.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	2.912	3.049
Veltufjármunir	2.515	2.982
Eignir samtals	5.427	6.031
Eigið fé	790	665
Langtímaskuldir	2.674	2.090
Skammtímaskuldir	1.963	3.276
Eigið fé og skuldir samtals	5.427	6.031
Veltufjárhlutfall	1,28	0,91
Eiginfjárhlutfall	14,6%	11,0%

- Veltufjármunir lækka frá árslokum 2013 úr 2.982 mkr í 2.515 mkr sem er 467 mkr lækkun, mest vegur lækkun í viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum
- Langtímaskuldir hækka um 584 mkr frá áramótum þar sem lán í skammtímaskuldum að upphæð 650 mkr var endurfjármagnað á öðrum ársfjórðungi
- Skammtímaskuldir lækka frá árslokum 2013 um 1.313 mkr þar sem vaxtaberandi skammtímaskuldir lækka um 831 mkr
- Vaxtaberandi skuldir voru 2.904 mkr en voru 3.151 mkr í árslok 2013
- Veltufjárhlutfall hækkar frá árslokum úr 0,91 í 1,28 í júní 2014
- Eiginfjárhlutfall hefur hækkað úr 11,0% frá áramótum í 14,6% í júní 2014

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	2014 1.1-30.6.	2013 1.1-30.6.
Handbært fé frá rekstri	88	62
Fjárfestingahreyfingar	(69)	(164)
Fjármögnunarhreyfingar	(183)	52
(Lækkun) á handbæru fé	(164)	(50)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(5)	(5)
Handbært fé í ársbyrjun	451	218
Handbært fé í lok tímabilsins	282	163

- Handbært fé frá rekstri er 88 mkr fyrstu sex mánuði ársins 2014 samanborið við 62 mkr á sama tímabili 2013
- Handbært fé í lok tímabilsins nemur 282 mkr samanborið við 163 mkr á sama tíma 2013

Rekstrarniðurstaða á öðrum ársfjórðungi 2014

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F2 2014	F1 2014	F4 2013	F3 2013	F2 2013
Seldar vörur og þjónusta	2.853	2.859	3.052	2.418	2.815
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.104)	(2.106)	(2.397)	(1.872)	(2.152)
Framlegð	749	753	655	547	664
Rekstrarkostnaður	(616)	(637)	(710)	(572)	(580)
Virðisnýrnun viðskiptavildar			(103)		
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	134	116	(157)	(25)	84
Hrein fjármagnsgjöld	(52)	(31)	(1)	(61)	(77)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	82	86	(158)	(86)	7
Tekjuskattur	(17)	(19)	33	(1)	(9)
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	65	67	(125)	(87)	(2)
Tap af aflagðri starfsemi	0	(26)	(390)	1	(872)
Hagnaður (tap) tímabilsins	65	41	(515)	(86)	(874)
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	4	15	28	(14)	12
Þýðingarmunur færður í rekstrarreikning vegna sölu á dótturfélagi			(9)		
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	69	56	(496)	(100)	(862)
EBITDA	207	191	58	61	161

- Sala á vöru og þjónustu nam 2.853 mkr á öðrum ársfjórðungi 2014 samanborið við 2.815 mkr á sama tímabili í fyrra
- Framlegð var 749 mkr (26%) samanborið við 664 mkr (23,6%) í fyrra. Á tímabilinu var eignfærður 50 mkr prounarkostnaður hjá TM Software ehf., án eignfærslu hefði framlegð verið 699 mkr (24,5%)
- Rekstrarkostnaður var 616 mkr á öðrum ársfjórðungi sem er 6,2% hækkun frá fyrra ári
- Hrein fjármagnsgjöld voru 51 mkr í fjórðungnum samanborið við 77 mkr í fyrra, lækkun er vegna jákvæðs gengismunar
- EBITDA var 207 mkr í ársfjórðungnum en var 161 mkr á sama tímabili í fyrra, án eignfærslu hefði EBITDA verið 157 mkr á tímabilinu
- Hagnaður fyrir skatta var 81 mkr miðað við 7 mkr hagnað á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður var 69 mkr en 862 mkr tap var á sama tímabili í fyrra

Nýherji innanlands: Ágætt afkoma af rekstri

Rekstur Nýherja, móðurfélags, gekk ágætlega og var yfir áætlunum á öðrum ársfjórðungi. Afkoma tækniþjónustu fer batnandi og er umfram áætlun. Tekjur vegna sölu á tölvu- og tækniþjónustu var í heild undir áætlun.

Töluverð eftirspurn er eftir tækniþjónustu Nýherja, einkum í útvistun tölvukerfa og Rent a Prent prentþjónustu. Fleiri fyrirtæki sjá hag í útvistun tölvukerfa og hefur sú þróun skilað sér í fjölgun þjónustusamninga hjá Nýherja. Hagræðing í innviðum, ferlum og aukin áhersla á öryggismál hefur einnig skilað meiri hagkvæmni í rekstri tækniþjónustunnar.

Enn er vöxtur í sölu á Lenovo tölvubúnaði, eða um 22% miðað við sama tímabil í fyrra. Aukning í sölu á Lenovo nær bæði til fyrirtækja og einstaklinga, en Lenovo hefur lagt vaxandi áherslu á vöruframboð fyrir einstaklingsmarkað. Mjög góð eftirspurn er eftir hljóð- og myndbúnaði en einnig netlausnum. Heldur minni eftirspurn er eftir miðlægum tækniþjónustu í samanburði við fyrra ár, en afkoma er í takt við áætlanir. Sala á Canon og Sony neytendabúnaði er heldur undir áætlun.

Horfur í innanlandsrekstri Nýherja eru ágætatar.

TM Software ehf.: 86% vöxtur í erlendum tekjum milli ára

Mikil tekjuaukning hefur einkennt rekstur TM Software og nemur aukningin á öðrum ársfjórðungi 19% miðað við sama tímabil í fyrra.

Sala á Tempo hugbúnaði heldur áfram að aukast á öllum markaðssvæðum, en hugbúnaðurinn er seldur til fleiri en 100 landa. Tekjur af Tempo á fyrri hluta árs voru 334 mkr og allar í erlendri mynt. Erlendar tekjur hafa aukist um 86% á milli ára hjá félaginu. Til að styðja við áframhaldandi vöxt hefur verið lögð enn meiri áhersla á þróun á Tempo vörum og stöðugildum fjölgað um 15 á fyrri hluta ársins.

Verkefnisstaða sérhæfðra hugbúnaðarlausna innanlands er góð en tekjur hafa vaxið um 8% milli ára. Verkefni fyrir heilbrigðis- og ferðþjónustu er þar fyrirferðarmest.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa tekjur TM Software aukist um 28% miðað við síðasta ár og nema nú alls 781 mkr. Erlendar tekjur eru í dag 336 mkr af heildartekjum félagsins en voru 196 mkr á sama tíma í fyrra. Framundan er vinna við að aðlaga ferla og innviði að miklum vexti undanfarið og til framtíðar.

Afkoma félagsins batnar á milli ára og er umfram áætlanir á tímabilinu. Horfur fyrir þriðja ársfjórðung og seinni hluta ársins eru góðar.

Applicon ehf.: Afkoma í takt við væntingar

Tekjur Applicon ehf. jukust lítillega á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra og afkoma félagsins er nálægt áætlun. Á tímabilinu var innleitt greiðslukerfi hjá Orkuveitu Reykjavíkur og mannauðs- og launakerfi selt til Landsvirkjunar. Ný lausn fyrir fjármálafyrirtæki við skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins var kynnt til sögunnar. Samið var við Lýsingu um kaup á slíkri lausn.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa tekjur aukist um 10% miðað við árið í fyrra og nema alls 516 mkr. Afkoma félagsins er jákvæð og yfir áætlun. Horfur á seinni hluta árs eru góðar.

Applicon AB í Svíþjóð: Tekjur undir áætlun

Afkoma Applicon í Svíþjóð er heldur undir áætlun á tímabilinu en töluvert betri en á sama tíma í fyrra. Stefnt var að fjölgun starfsfólks í öðrum ársfjórðungi en ráðningum hefur seinkað fram í ágúst. Af þeim sökum voru tekjur undir því sem gert var ráð fyrir. Nýting á ráðgjöfum er góð en lakari afkoma skýrist af því að félagið hefur lagt aukna áherslu á rannsóknir og þróun lausna sem tengjast bankalausnum í SAP.

Tekjur félagsins námu 524 mkr á fyrstu sex mánuðum ársins og dragast saman um 71 mkr. milli ára. Samdráttur tekna er að mestu til kominn vegna afhendingar á lausn til Landshypotek á fyrri hluta árs 2013. Afkoma félagsins er jákvæð og horfur viðunandi á seinni hluta árs.

Endurfjármögnun skammtímaskulda

Á öðrum ársfjórðungi var undirritaður nýr lánasamningur við Arion banka hf. Samningurinn felur í sér endurfjármögnun á öllum vaxtaberandi skammtímaskuldum félagsins að upphæð um 650 mkr en einnig tryggir samningurinn Nýherja aðgang að ádráttarláni að upphæð 450 mkr til lengri tíma. Lánasamningurinn er með lokagjalddaga á öðrum ársfjórðungi 2016. Að lokinni endurfjármögnun fer veltufjárhlutfall félagsins úr 0,94 í 1,28.

Samningurinn er mikilvægt skref að bæta veltufjárhlutfall félagsins, lækka fjármagnskostnað og tryggja félaginu aðgang að lánsfé til frekari vaxtar.

Tækjaleiga Nýherja seld til Sonik Tækni ehf.

Á tímabilinu var gengið frá sölu á starfsemi Tækjaleigu Nýherja til Sonik Tækni ehf., sem tók yfir reksturinn 15. júní. Salan á Tækjaleigunni er í takt við nýjar áherslur Nýherja, sem er að efla þjónustu- og lausnaframboð í upplýsingatækni á fyrirtækjamarkaði og einfalda rekstur. Salan hefur óveruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu fjórðungsins.

Lokað hlutafjárútböð til starfsfólks og stjórnarmanna

Á aðalfundi Nýherja hf. hinn 14. mars 2014 var samþykkt að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé félagsins um allt að 150 milljónir með sölu nýrra hluta sbr. 41.gr. hlutafélagalaga. Á stjórnarfundinum 25. júlí 2014 samþykkti stjórn félagsins að auka hlutafé félagsins um allt að 10 milljónir hluta til að selja til starfsmanna og stjórnarmanna Nýherja samstæðunnar í lokaðu útböði. Unnið er að útfærslu skilmála, sölufyrirkomulagi og tímasetningum en gert er ráð fyrir því að útböðið verði á þriðja ársfjórðungi 2014. Nánari upplýsingar verða sendar til kauphallar þegar niðurstöður liggja fyrir.

Starfsemi í Danmörku seld

Nýherji seldi alla starfsemi sína í Danmörku á fyrsta ársfjórðungi. Um áramót var Dansupport A/S selt til fjarskipta- og upplýsingatæknifélagsins Jansson Kommunikation A/S. Í mars var starfsemi félaganna Applicon A/S og Applicon Solutions A/S svo seld til Ciber A/S í Danmörku, sem er hluti af Ciber Inc.

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru jákvæðar. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í tekjum og afkomu Nýherja og dótturfélaga. Framundan er vinna við einföldun skipulags og uppbyggingar samstæðunnar, til að bæta afkomu rekstrar og styrkja eiginfjárstöðu, sem er nú undir langtímamarkmiðum stjórnenda.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok annars ársfjórðungs 2014 var kr. 1.680 milljónir. Lokaverð í ársfjórðungnum var kr. 4,2 á hlut. Fjöldi útgefna hluta þann 30. júní 2014 voru 400 milljónir. Hluthafar voru 277 talsins í lok ársfjórðungsins.

Kynningarfundur þann 25. júlí

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 25. júlí 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl. 13:00. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Fjárhagsdagatal fyrir 2014:

Áætluð birting árshlutauppgjörs fyrir árið 2014:

- 24. október 2014: Uppgjör 3. ársfjórðungs og fyrstu níu mánaða ársins 2014.

- 30. janúar 2015: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2014.

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. 25. júlí 2014. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjörið hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Dótturfélög Nýherja eru þrjú, TM Software Origo ehf., Applicon ehf. og Applicon AB. Stöðugildi hjá Nýherjasamstæðunni voru 462 í lok júní. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða finnur.oddsson@nyherji.is og Gunnar Már Petersen framkvæmdarstjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gunnar.petersen@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.